

**DV**



**SJÓNVARPIÐ**

- 16.00 **Iþróttabátturinn.** Svipmyndir frá íþróttaviðburðum vikunnar og umfjöllun um Íslandsmótið í knattspyrnu.
- 18.00 **Íkominn Brúskur (26).** Teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Leikraddir Aðalsteinn Bergdal. Þýðandi Veturlíði Guðnason.
- 18.25 **Bangsi bestaskinn** (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Leikraddir Örn Arnason.
- 18.50 **Tákn málsfréttir.**
- 18.55 **Háskaslóðir** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
- 19.30 **Hringsjá.** Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.
- 20.00 **Ávarp forsætisráðherra.**
- 20.10 **Hamrahlíðarkórinn** í Listasafni Íslands. Þátturinn er íslenska framlagið í röð þátta um kóra á Norðurlöndum. Á efniskránni eru lög eftir íslensk tónskáld. Stjórnandi Þorgeður Ingólfssdóttir. Dagskrárgerð Björn Emilsson.
- 20.40 **Lottó.**
- 20.45 **Fyrirmyndarfaðir** (Cosby Show). Bandarískur gamanmyndaflokkur um fyrirmyndarfaðurinn Cliff Huxtable og fjölskyldu hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
- 21.15 **Blóð og blek.** Hinn 18. maí sl. voru hundrað ár liðin frá fæðingu Gunnar skálds Gunnarsónar. Í því tilefni lét Sjónvarpið gera heimildarmynd um ævi hans. Umsjón Matthías Viðar Sæmundsson. Dagskrárgerð Jón Egill Bergþórsson.
- 22.05 **Sálufélagar** (All of Me). Bandarísk bíómynd frá 1984. Leikstjóri Carl Reiner. Aðalhlutverk Steve Martin og Lily Tomlin. Ungur lögfræðingur verður fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu að andi nýlátinnar konu tekur sér bólstæð í hálfum líkama hans. Þýðandi Veturlíði Guðnason.
- 23.35 **Inspector Morse - The Ghost in the Machine.** Bresk sakamála mynd frá 1988 með John Thaw í hlutverki Morse lögfræðingja. Verðmætum málverkum er stolið frá ættarsetri nokkru og eigandi þeirra hverfur einnig á dularfullan hátt. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
- 1.20 **Útvarpsfréttir** í dagskrárlök.



- 9.00 **Með Beggu frænku.** Það er aftur kominn laugardagur - enginn venjulegur laugardagur - nefnilega þjóðhátíðardagur okkar Íslandinga.
- 10.30 **Jógi.** Teiknimynd.
- 10.50 **Hinir umbreyttu.** Teiknimynd.
- 11.15 **Fjölskyldusögur.** Teenage Special. Leikin barna- og unglíngamynd.
- 12.00 **Ljáu mér eyra...** Við endursýnum þennan vinsæla tónlistarþátt.
- 12.25 **Fornbilar á ferð.** Fyrir áttatíu og fimm árum kom fyrsti bíllinn til Íslands. Í tilefni af því sýnir Stöð 2 þennan þátt sem tekinn var þegar félagar og áhugamenn í Fornbílaklúbbi Íslands fóru hringinn í kringum landið á tíu ára afmæli klúbbsins sumarið 1987.
- 12.55 **Greystone - goðsögnin um Tarsan.** The Legend of Tarsan. Einstaklega vel gerð mynd um Tarsan, byggð á hinni upprunalegu sögu eftir Edgar Rice Burroughs. Aðalhlutverk: Christopher Lambert, Cheryl Campbell, James Fox og Nigel Davenport.
- 15.05 **Ættarveldið, Dynasty.** Framhaldsþáttur.
- 15.55 **Alpha Beta.** Athyglisvert leikrit eftir E.A. Whitehead og fjallar um upplausn hjónabands. Eiginkonan vill ekki slíta sambandinu en hann hefur nagandi samviskubít yfir því að fara frá konu sinni og tveimur börnum þeirra. Frábær leikur hjá þeim Albert Finney og Rachel Roberts. Leikritið var sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar árið 1978 og hlaut mikið lof gagnrýnenda. Aðalhlutverk: Albert Finney og Rachel Roberts.
- 17.00 **Iþróttir á laugardegi.** Heilar tveir klukkustundir af úrvals íþróttafni, bæði innlendu og erlendu. Umsjón: Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason.

- 19.19 **Fréttir** og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
- 20.00 **Heimsmetabók** Guinness, Spectacular World of Guinness. Ötrúlegustu met í heimi er að finna í Heimsmetabók Guinness. Kynnir: David Frost.
- 20.25 **Ruglukulur,** Marblehead Manor. Snarruglaðir bandarískir gamanþættir með bresku yfirbragði. Aðalhlutverk Bob Fraser, Linda Thorson, Phil Morris, Rodney Scott Hudson og Paxton Whitehead.
- 20.55 **Listin að lífa.** Mikil gleði- og söngvaskemmtun með Stuðmönnum.
- 21.45 **Við rætur eldfjallsins,** Under the Volcano. Þetta er með þekktari myndum sem leikstjórn kunnir, John Huston, hefur gert. Hún gerist í Mexíkó og segir frá lífi konsúl nokkurs sem er íðinn við að drekka frá sér ráð og rænu. Aðalhlutverk: Albert Finney, Jacqueline Bisset og Anthony Andrews. Leikstjóri: John Huston.
- 23.30 **Herskyldan,** Nam, Tour of Duty. Spennuþáttaröð um herflokk í Vietnam. Aðalhlutverk: Terence Knox, Stephen Caffrey, Joshua Maurer og Ramon Franco.
- 00.20 **Línudansinn,** All that Jazz. Einstök dansmynd sem er lauslega byggð á lífi leikstjóra myndarinnar, Bob Fosse. Joe Gideon er vel metinn leikstjóri en haldinn fullkomunaráráttu. Aðalhlutverk: Roy Scheider, Jessica Lange, Ann Reinking og Leland Palmer.

**Rás 1**  
FM 92.4/93.5

- 7.50 **Bæn,** séra Bragi Skúlason flytur.
- 8.00 **Fréttir.** Dagskrá.
- 8.15 **Veðurfreginir.**
- 8.30 **Þjóðlegir tónar.** - Margrét Hjálmarssdóttir og Sveinbjörn Beinteinsson kveða rímur. - Engel Lund syngur fimm íslensk þjóðlög, Ferdinand Rauter útsætti lögin og leikur með á pianó. - Friðbjörn G. Jónsson og Karlakór Reykjavíkur syngja íslensk þjóðlög; Páll P. Pálsson stjórnar.
- 9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 9.05 **Lítil barnatíminn á laugardegi** - Grimmsævintýri. Flutt verður ævintýrið Skógarhúsið í þýðingu Theódórs Arnasonar. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
- 9.20 **Karlakórinn Þrestir í Viðistaðakirkju.** Frá vortónleikum kórsins í apríl sl. Bjarni Jónatansson leikur á pianó. Stjórnandi: Kjartan Sigurjónsson.
- 10.00 **Fréttir.**
- 10.10 **Veðurfreginir.**
- 10.30 **Frá þjóðhátíð í Reykjavík.** a Hátíðarathöfn á Austurvelli. b Guðþjónusta í Dómkirkjunni.
- 12.00 **Tilkynningar.** Dagskrá.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **V eðurfreginir.** Tilkynningar.
- 13.00 **Vor hugur fylgir gnoðum þeim.** Eimskipafélag Íslands í 75 ár. Dagskrá í samantekt Einars Kristjánssonar.
- 14.00 **Ást sem brást.** Um leit Þórbergs Þórðarsonar að elskunni sinni í Íslenskum aðli. Umsjón: Pétur Már Ólafsson.
- 15.00 **Þetta vil ég heyrja.** Bergþóra Jónsdóttir spjallar við Grétar Ivarsson jarðfræðing, sem velur tónlist að sínu skapi.
- 16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfreginir.**
- 16.20 **Sumarferðir Barnaútvarpsins.** Farið verður um Voga og Vatnsleysuströnd. Umsjón: Kristín Helgadóttir og Sigurlaug M. Jónasdóttir.
- 17.00 **Alþingishátíðarkantata 1930** eftir Pál Isólfsson við ljóð Davíðs Stefánssonar. Flytjendur: Guðmundur Jónsson, Þorsteinn Ö. Stephensen, Karlakórinn fóstbræður, Söngsveitinn Filharmonía og Símfóníuhljóm-sveit Íslands; Róbert Abraham Ottósson stjórnar.
- 18.00 **Af lífi og sál.** Viðtalsþáttur í umsjá Erlu B. Skúladóttur. Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfreginir.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.32 **Tónlist** - Trío Guðmundar Ingólfssonar leikur.
- 20.00 **Sagan.** Vala eftir Ragnheiði Jónsdóttur. Sigrún Edda Björnsdóttir les (4.)
- 20.30 **Visur og þjóðlög.**
- 21.00 **Fremstir meðal jafningja.** Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
- 21.30 **Íslenskir einsöngvarar og kórar.** Jón Þorsteinsson syngur lög eftir Hallgrím Helgason og Jón Ásgeirsson, Hrefna Eggertsdóttir leikur með á pianó.

- 22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 **Veðurfreginir.**
- 22.20 **Dansað með harmóníkuunnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarps húsinu. Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
- 23.00 **Dansað í dögginni.** - Sigríður Guðnadóttir (Frá Akureyri)
- 24.00 **Fréttir.**
- 00.10 **Svolítið af og um tónlist undir svefninu.** Jón Örn Marinósson kynnir.
- 01.00 **Veðurfreginir.**
- 01.10 **Næturútlit á báðum rásum til morguns.**

**RÁS** FM 90.1

- 10.03 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá útvarpsins og sjónvarpsins.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Kæru landsmenn.** Berglind Björk Jónasdóttir og Ingólfur Margeirsson.
- 17.00 **Fyrirmyndarfólk.** - Lisa Pálsdóttir
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Kvöldtónar.**
- 22.07 **Síbyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjum. (Einnig útvarpað nk. föstudagskvöld á sama tíma.)
- 00.10 **Út á lífið.** Skúli Helgason ber kveður milli hlustenda og leikur óskalög.
- 02.00 **Næturútlit á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

- 02.00 **Fréttir.**
- 02.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Gunnar Reyni Sveinsson tónlistarmann, sem velur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á rás 1.)
- 03.00 **Röðbatarokk.** Fréttir kl. 4.00.
- 04.30 **Veðurfreginir.**
- 04.35 **Næturmótur.**
- 05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 06.01 **Úr gömlum belgjum.**
- 07.00 **Morgunpopp.**

**FM 98.9**  
BYLJAN

- 9.00 **Ólafur Már Björnsson.** Það leynir sér ekki að helgin er byrjuð þegar Ólafur mætir á vaktina. Hann kemur öllum í helgarskap með skemmtilegri tónlist úr ýmsum áttum.
- 13.00 **Kristófer Helgason.** Leikir, uppákomur og glens taka völdin á laugardegi. Uppáhaldslögin og kveður í síma 61 11 11.
- 18.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Laugardagskvöldið tekið með trompi. Óskalög og kveður í símu 68 19 00 og 61 11 11.
- 22.00 **Sigursteinn Másson** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6“. Hafíð samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveður og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
- 2.00 **Næturdagskrá.**

**Sigurlaug**  
FM 102.7 & 104

- 9.00 **Sigurður Helgi Hiðverson.** Fjör við fóninn. Hress en þægileg tónlist í morgunsárið.
- 13.00 **Margrét Hrafnadóttir.** Loksins laugardagur. Hressilegir þættir uppfyllir af skemmtiefni, fróðleik, upplýsingum og góðri tónlist. Gestir koma í heimsókn og gestahljómsveitir Stjórnunnar leika tónlist í beinni útsendingu úr hljóðstofu. Stórgóðir þættir með hressu ryksugurokki og skemmtilegum uppákomum. Magga í sannkölðu helgarstuði.
- 18.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Laugardagskvöldið tekið með trompi. Óskalög og kveður í símu 68 19 00 og 61 11 11.
- 22.00 **Sigursteinn Másson** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6“. Hafíð samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveður og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
- 2.00 **Næturstjórnur.**

**EUROSPORT**

- 8.00 **Stefán Baxíer.**
- 12.00 **Steinunn Halldórsdóttir.**
- 16.00 **Stefán Baxíer.**
- 18.00 **Kristján Jónsson.**
- 23.00- 8.00 **Sigurður Ragnarsson.**

**RÓT ÚTVARP**

- 15.00 **Af vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil.
- 17.00 **Laust.**
- 19.00 **Laugardagur til lukku.** Gunnaugur og Þór.
- 20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjón Arna Freys og Inga.
- 21.00 **Síbyljan** með Jóhannesi K. Kristjánssyni.
- 23.30 **Rótardraugar.**
- 24.00 **Næturvakt.**

**ALFA**  
FM-102,9

- 17.00 **Vinsælda Alfa.** Endurtekið frá miðvikudagskvöldi.
- 19.00 **Blessandi bóðskapur í margvislegum tónum.**
- 22.30 **KÁ-lykillinn.** Blandaður tónlistarþáttur með plötu þáttarins. Orð og bæn um miðnætti. Umsjón: Ágúst Magnússon.
- 00.30 **Dagskrárlök.**

**SKY CHANNEL**

- 4.30 **The Flying Kiwi.** Ævintýrasería.
- 5.00 **Poppþáttur.**
- 6.00 **Gríníöjan.** Barnaþættir.
- 10.00 **Iþróttabáttur.**
- 11.00 **Fjölbragðaglímá.**
- 12.00 **Kvikmynd.**
- 14.00 **Planet of Apes.** Spennu-myndaflokkur.
- 15.00 **50 vinsælustu lögin.**
- 16.00 **Lítil kraftaverk.** Gamanþáttur.
- 16.30 **The Bionic Woman.** Spennu-myndaflokkur.
- 17.30 **That's Incredible.**
- 18.30 **The Love Boat.** Gamanmynda-flokkur.
- 19.30 **Síglid kvikmynd.**
- 21.30 **Fjölbragðaglímá.**
- 22.30 **Poppþáttur.**

**SKY MOVIES**

- 15.00 **The Legend of the North West.**
- 17.00 **WW and the Dixie Dancekings.**
- 19.00 **Outrageous Fortune.**
- 21.00 **Prizzi's Honor.**
- 23.00 **Crimes of Passion.**
- 01.00 **Meatballs.**

**EUROSPORT**

- 9.30 **Frjálsar íþróttir.** Stórmót í Sovétríkjunum.
- 10.30 **Tennis.** Stella Artois mótið.
- 12.30 **Show Jumping.**
- 13.30 **Hornabolti.** Valin atriði úr leik í amerísku deildinni.
- 14.30 **Hockey.** Indland-Holland og Bretland-Pakistan.
- 15.30 **Iþróttakynning Eurosport.**
- 17.00 **Trans World Sport.**
- 18.00 **Tennis.** Stella Artois mótið.
- 20.30 **Rugbý.** Nýja Sjáland-Frakkland.
- 22.00 **Hockey.** Alþjóðleg keppni í Berlín.

**SUPER CHANNEL**

- 5.00 **Teiknimyndir.**
- 9.00 **Tónlist og tíska.**
- 10.00 **Tourist Magazine.** Ferðaþáttur.
- 10.30 **Tónlist og tíska.**
- 11.00 **Hollywood Insider.**
- 11.30 **Tónlist og tíska.**
- 12.00 **Big Valley.** Framhaldsmynda-flokkur.
- 13.00 **Flying High.** Gamanþáttur.
- 14.00 **Wanted Dead or Alive.** Vestri.
- 14.30 **Tónlist og tíska.**
- 15.30 **Evrópuhlutinn.** Poppþáttur.
- 16.30 **Körfbolti.** Úrslitakeppnin í NBA.
- 17.30 **Tiskupáttur.**
- 18.00 **The Spanish Main.** Kvikmynd.
- 20.00 **Twilight Zone.**
- 20.55 **Roving Report.** Fréttaskýringa-þáttur.
- 21.30 **Angel on My Shoulder.** Kvikmynd.
- 22.30 **Poppþónlist.**

**Laugardagur 17. júní**

**Sjónvarp kl. 17.00:**

# Berti sperrti og Frikki froskur

Þetta er sænsk mynd fyrir yngstu áhorfendurna - þáttur án ofbeldis en með miklu fjöri. Hinir vinsælu Berti sperti og Frikki froskur, hænán og páfagaukurinn eru í aðalhlutverkum. Þau eru í basli með skúrkanana sem á sænsku nefnast Pudding og Kalson. Í myndinni er m.a. æsandi elt-ingarleikur á bílum sem endar þó vel fyrir alla kallana. Myndin er frá árinu 1987 og er unnin út frá nýju handriti eftir Thomas Funck.

-ÖTT




Stuðmenn verða með skemmtipátt á Stöð 2 17. júní og gefa sama dag út tímamótaplötuna Listin að lífa.

**Stöð 2 kl. 20.55:**

# Listin að lífa - Stuðmenn á tímamótum

Í kvöld verður tónlistar- og skemmtipáttur þar sem Stuðmenn og ýmsir góðir gestir koma fram. Einn þeirra er Flosi Ólafsson. Hinn ástsæli og landskunnur poppfræðingur Hugo Thorarensen kynnir vinsælar hljómsveitir og popplög í „topp tíu“ stíl. Þátturinn mun verða fjölbreyttur en innihald hans er að mestu leyti ennþá óupplýst - Stuðmenn segja leyndardómsfullir að það komi í ljós þegar stundin rennur upp á þjóðhátíðardaginn. Plata þeirra, Listin að lífa, kemur út sama dag og mun hún vera tímamótaplata. Ramm-íslenskt og þjóðlegt síðabótar- og umvöndunarpoppr verður á skjánum hjá Stöð 2 í kvöld - eitthvað „poppmóðins og tiskutöf“.

-ÖTT



Pétur Már Ólafsson er umsjónarmaður þáttarins Ást sem brást þar sem fjallað verður um leit Þórbergs Þórðarsonar að elskunni sinni.

**Rás 1 kl. 14.00:**

# Ást sem brást

Ást sem brást nefnist þáttur sem er á dagskrá ríkisstúvarpsins á þjóðhátíðardaginn. Þátturinn fjallar um Íslensk-an aðal eftir meistara Þórberg Þórðarson - einkum ástarsögu-una, leit Þórbergs að elskunni sinni. Einnig verður drepið á þann hugmyndaheim sem dreginn er upp í bókinni. Í þættinum verða leiknar upptökur úr segulbandasafni útvarpsins þar sem Þórbergur les úr Íslenskum aðli. Umsjón-armaður þáttarins er Pétur Már Ólafsson.

**Sjónvarpið kl. 22.05:**

# Sálufélagar

Steve Martin er einhver fyndnasti gamanleikari Bandaríkjanna um þessar mundir. Hann fer með aðalhlutverkið í Sálufélögum, laugardagsmynd Sjónvarpsins.

Þar leikur hann Roger Cobb, ungan lögfræðing sem á sér þann draum æðstan að vera djassleikari. Á 38. afmælisdegi sínum strengir hann þess heit að hætta allri spilamennsku á kvöldin, giftast dóttur yfirmanns síns og verða venjulegur borgari. Á sama tíma er kona nokkur að berjast við dauðann annars staðar í borginni. Austurlenskur fakir lofar konunni að flytja sál hennar yfir í líkama dóttur hesta-sveinsins. Eitthvað fer þó úrskeiðis því sál konunnar tekur sér bólfestu í líkama lögfræðingsins.

Kvikmyndahandbókin fer fögurum orðum um myndina og segir að leikur Martins sé stórkostlegur. Á móti honum leikur engin ómerkari leikkona en Lily Tomlin. Leikstjóri er Carl Reiner.